

Svar VSÓ við fyrirspurn SLS vegna frekari gagna um áhrif samgangna á svæðinu.

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Halldóra Björk Bergþórsdóttir <halldora@vso.is>
Heiti : Svar VSÓ við fyrirspurn SLS vegna frekari gagna um áhrif samgangna á svæðinu.
Málsnúmer : 202305034
Málsaðili : Ríkiseignir
Skráð dags : 06.12.2023 00:00:00
Höfundur : Halldóra Björk Bergþórsdóttir <halldora@vso.is>
Viðhengi [22319-Samgöngumat-Kleppsgarðar2.pdf](#)
[image001.jpg](#)

You don't often get email from halldora@vso.is. [Learn why this is important](#)

Sæl og blessuð Þórdís,

Umferðargreining og samgöngumat var unnin af VSÓ Ráðgjöf vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á húsnaði viðbragðsaðila að Kleppsgörðum sem matsskyldufyrirspurnin er byggð á. Samgöngumatið gerir grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar á samgöngukerfið þar sem er gerð grein fyrir áhrif starfseminnar á framtíðarumferð, fjallað er um aðgengi gangandi og hjólandi, nálægð og gæði framtíðar almenningssamgangna, og líklega skipting ferða á mismunandi ferðavenjur. Sjá samgöngumat í viðhengi. Teljið þið samgöngumatið svara því sem var óljóst?

Ljóst er að áframhaldandi samráð verður við Vegagerðina vegna þessa verkefnis.

Kveðja,
Halldóra Björk Bergþórsdóttir
Jarðfræðingur M.Sc.
Umhverfi og skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland
sími: 585 9140
netfang: halldora@vso.is
heimasíða: www.vso.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

Sent: föstudagur, 17. nóvember 2023 12:01

To: Halldóra Björk Bergþórsdóttir <halldora@vso.is>

Subject: 202305034 - Húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Sæl Halldóra,

Eftir að hafa farið yfir svörin ykkar ásamt öðrum gögnum málsins teljum við enn óljóst hvaða áhrif aukin umferð komi til með að hafa á umferð á svæðinu. Þá einkum hvort að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif fyrir samfélagið með tilliti til samgangna.

Skipulagsstofnun hafði samband við Vegagerðina sem leggur til að „framkvæmdaraðili láti vinna samgöngumat þar sem gerð er grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar á samgöngukerfin en slíkt mat þurfi til þess að geta lagt mat á umfang áhrifanna og nauðsyn þess að grípa til mótvægisáðgerða“. Mín spurning er þar af leiðandi sú, eigið þið einhver freki gögn eða getið útbúið þau til þess að varpa ljósi á áhrif aukinnar umferðar á svæðinu og umfang þessara áhrifa?

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun



KLEPPSGARÐAR 2

Samgöngumat

Júlí 2022

22319https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_32/Project1883/Documents/Samgöngumat/22319-220621-Samgöngumat-Kleppsgarðar2.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	12.07.2022	RÞÞ	HBH	RÞÞ

Unnið af:VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavíkwww.vso.is**Unnið fyrir:**Framkvæmdarsýslan – Ríkiseignir
Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Efnisyfirlit


1	Inngangur	4
2	Núverandi aðstæður	6
2.1	Almennt	6
2.2	Göngu- og hjólastígakerfi	6
2.3	Núverandi almenningsamgöngur	7
2.4	Núverandi gatnakerfi og umferð á því	8
3	Forsendur deiliskipulagsins	9
3.1	Tillaga að uppbyggingu – Rýmisgreining	9
3.1.1	<i>Skilgreining rýma</i>	10
3.2	Framtíðar umferð	11
3.3	Aðgengi gangandi og hjólandi	12
3.4	Framtíðar almenningsamgöngur	12
3.5	Líklegar ferðavenjur fólks	12
4	Bíla- og hjólastæðamat	13
4.1	Grunnfjöldi bílastæða	13
4.2	Samnýting bílastæða	13
4.3	Samgöngustefna, -samningar og deilibílar	14
4.4	Almenningsamgöngur	15
4.5	Sérlegar aðstæður	15
4.6	Bílastæði embættisbíla	15
4.7	Grunnfjöldi hjólastæða	15
4.8	Niðurstöður bíla- og hjólastæðamats	16
5	Heimildaskrá	17

1 Inngangur

Samgöngumat þetta er unnið af VSÓ Ráðgjöf fyrir Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir vegna deiliskipulagsbreytinga á Kleppsgörðum 2 í Reykjavík.


Samgöngumat þetta er unnið eftir reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík sem samþykktar voru í borgarráði í janúar 2019 (Reykjavíkurborg, 2019). Þar eru ákveðnar kröfur gerðar varðandi fjölda bíla- og hjólastæða við nýbyggingar í Reykjavík.

Í reglum kemur fram að vinna skal samgöngumat þegar eitt af eftirtöldum skilyrðum í skrefi 2 (sjá mynd 1.1) er uppfyllt:



Mynd 1.1 Sé gert ráð fyrir a.m.k. einu skilyrði í skrefi 2, skal framkvæma samgöngumat .

Deiliskipulagið fyrir Kleppsgarða flokkast undir svæði 2 (sjá staðsetningu á mynd 1.2), Gert er ráð fyrir fleirum en 100 bílastæðum og meira en 5.000 fermetrum af skrifstofuhúsnæði. Skal því gera samgöngumat sbr. skrefi 4 á mynd 1.1.



KORT1: Afmörkun svæða 1 og 2.

Mynd 1.2 Rauð stjarna sýnir að staðsetning deiliskipulagslóðar sem um ræðir er á svæði 2.

Þar sem um er að ræða stærri uppbyggingarreit hefur Reykjavíkurborg kveðið á um að þörf sé á umfangsmeira samgöngumati.

Mynd 1.3 sýnir kröfur Reykjavíkur um innihald sem skal vera í umfangsstærri samgöngumati.

- Lýsing á núverandi aðstæðum:
 - Staðsetning svæðis
 - Aðstæður fyrir gangandi og hjólandi
 - Kort sem sýnir 20 mín göngu- og hjólaradíus frá uppbyggingu
 - Núverandi staðsetning biðstöðva almenningsamgangna og þjónustustig
 - Gatnakerfi og tengingar
 - Umferð á aðliggjandi gatnakerfi
- Umfjöllun um skipulag
 - Tillaga að uppbyggingu (íbúðamagn, atvinnustarfsemi o.s.frv.)
 - Aðgengi gangandi, hjólandi, og að almenningsamgöngum
 - Aðgengi akandi
 - Aðgengi að bílastæðum
 - Umferðarsköpun: Áætlaðar ferðir til og frá byggingarreit, óháð ferðamáta
 - Mat á hlutfalli mismunandi ferðamáta
- Aðgerðir til að auka hlutfall ferða með vistvænum ferðamátum og draga úr bílastæðafjölda
 - Lýsing á skrefi 1-4 þ.e. samnýting bílastæða, deilibílar, samgöngustefna, aðgengi að almenningsamgöngum
 - Breyting á hönnun ef þörf þykir
 - Tilgreina notkun og stýringu bílastæða

Mynd 1.3 Kröfur til innihalds samgöngumats fyrir stærri uppbyggingar.

2 Núverandi aðstæður

2.1 Almenn

Á mynd 2.1 má sjá núverandi aðstæður lóðarinnar sem er 30.000 fermetrar sem og staðsetningu hennar innan borgarmarkanna. Helstu nágrannar lóðarinnar til norðurs er Kleppsspítali. Til austurs og suðurs má finna ýmsa atvinnustarfsemi. Til vesturs er að finna ökutengingar út á Sæbraut, vestan Sæbrautar má finna íbúahverfi. Stofnstígur hjólréiða liggur meðfram Sæbraut og samkvæmt aðalskipulagi reykjavíkur 2040 er mikið af tengistígum sem liggja meðfram Sæbraut, Sundabraut og Hallsvegi. Enga aðra hjólastíga má finna á svæðinu. Þá ber atvinnusvæðið austan Sæbrautar þess merki að vera ekki ætlað gangandi vegfarendum, en þær gangstéttar sem eru til staðar eru ítrekað slitnar í sundur vegna breiðra innkeyrslna inn á atvinnulóðir. Svæðið þarfnast því betrubóta til að standast almennilega undir þeim kröfum sem settar eru fram í aðalskipulagi reykjavíkur 2040.



Mynd 2.1 Núverandi aðstæður. Rauður hringur sýnir Kleppsgarða 2, þar sem húsnæði viðbragðsaðila kemur til með að rísa. Innan myndarinnar er einnig sýnt hvar lóðin liggur á svæði 2.


Nefna ber að umtalsverðar breytingar eru áætlaðar á nærumhverfi lóðarinnar, þar sem helst ber að nefna lagningu Sæbrautar í stökk sem mun liggja norðan Skeiðarvogs og suður fyrir Súðavog. Einnig er verið að skoða lagningu Sundabrautar sem áætlað er tengist inn á Sæbraut um Holtaveg. Verði Sundabraut brú og tengist gatnamótum Holtavegar / Sæbrautar þá þarf að setja Sæbraut í stökk sunnan Holtavegar og norður fyrir Sægarða samkvæmt matsáætlun vegstokks á Sæbraut (Verkís hf, 2022). Samhliða þessum framkvæmdum má gera ráð fyrir breytingu á m.a. tengingum lóðar við gatnakerfið, umferðarmagni á öllum vegum, göngustígum og hjólastígum ef Sundabraut verður brú, lega verður öðruvísi ef um ræðir göng.

2.2 Göngu- og hjólastígakerfi

Líkt og fyrr segir er göngu- og hjólastígakerfi á svæðinu á skornum skammti. Á gatnamótum Sæbrautar og Sægarða eru ljósastýrð gatnamót, sem leiðir virka vegfarendur inn í rólegt íbúðarhverfi. Sé förinni heitið norður / suður er sameiginlegur

hjóla- og göngustígur meðfram Sæbrautinni og tengistígur sem liggur um Skútuvog, þvera þarf þó Sæbrautina til að komast í suðurátt.

Á mynd 2.2 má sjá 20 mínútna göngu- og hjólaferðir frá lóðinni. Göngufjarlægðar eru miðaðar við 5 km/ klst gönguhraða, og hjólaferðir eru miðaðar við 15 km/ klst hjólahraða. Sjá má að útivistarsvæðið í Laugardalnum er innan 20 mínútna göngufjarlægðar. Þá er Öskjuhlíðin, Fossvogurinn, Elliðaárdalurinn og Klambartún innan 20 mínútna hjólaferðar.



Mynd 2.2 20 mínútna göngu- og hjólaferðir frá Kleppsgörðum 2.

2.3 Núverandi almenningsamgöngur

Á mynd 2.3 má sjá allar leiðir og stoppistöðvar Strætó bs. í nágrenni lóðarinnar. Leiðir 12 og 16 stöðva á Sæbraut, við Kleppsgarða 2. Leiðir 12 og 14 ganga með kortersfresti á háannatíma og háltíma þar á milli, meðan leið 16 gengur á háltímastigi yfir daginn (Strætó bs., 2022).

Tafla 2.1 sýnir tíðni þeirra strætóleiða sem stoppa í innan við 600 metra göngufjarlægð frá lóðinni.


Tafla 2.1: Strætóleiðir sem stoppa í innan við 600 m göngufjarlægð frá svæðinu. Tíðni ferða m.v. júní 2022.

Númer leiða	Tíðni á annatíma	Tíðni utan annatíma	Helgrakstur
12	15 mín	30 mín	30 mín**
16	30 mín	30 mín	Engin akstur
14*	15 mín	30 mín	30 mín***

* Leið 14 er innan 600 metrar loftlínu frá Kleppsgörðum 2, en gönguleið þar á milli er örliði lengri. Ekur aðeins að Hólsvegi í átt frá Granda, en ekki á leið aftur til baka

** Fyrsti vagn er að mæta á Sægarða klukkan 8:01 á laugardögum og 10:01 á sunnudögum.

*** Fyrsti vagn er að mæta á Hólsveg klukkan 7:53 á laugardögum og 9:53 á sunnudögum.



Mynd 2.3 Stoppistöðvar og leiðakerfi Strætó bs. við Kleppsgarða (Strætó bs., 2021).

2.4 Núverandi gatnakerfi og umferð á því

Tenging lóðarinnar inn á núverandi gatnakerfi er í gegnum Sægarða eða Vatnagarða að gatnamótum Sæbrautar / Sægarða. Eftir Sæbrautinni er bein leið í miðborg Reykjavíkur, Mjóddina, Smáralindina og alla leið til Hafnarfjarðar. Þá er einnig mislæg gatnamót Sæbrautar / Miklubrautar skammt frá. Frá Miklubraut er einfalt aðgengi að Kringlunni, Borgarspítalanum, Háskóla Íslands til vesturs og að Mosfellsbæ og Vesturlandsvegi til austurs. Aðgengi akandi umferðar frá lóðinni að stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins er því má einsdæmum gott.

Hér að ofan er rætt um helstu stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins og er því um tiltölulega umferðarþungar götur að ræða. Sunnan tengingarinnar Sægarðar / Sæbraut er Hversdagsumferð (HVDU) um 22.500 ökutæki (Efla, 2022). Oft er gert ráð fyrir að árdagsumferð (ÁDU) sé um 85% af þeim ökutækjum, eða um 19,100 ökutæki á sólarhring byggt á talningu frá árinu 2019. Til samanburðar sýna teljarar borgarvefsjás á Sæbraut að ÁDU sé í kringum 87% af HVDU.

3 Forsendur deiliskipulagsins

Lóðin er staðsett milli Kleppsspítala við Kleppsgarða og verslunarrýmis við Holtagarða. Byggja á rúmlega 26.100 m² húsnæði á lóðinni, sem mun nýtast ýmsum viðbragðsaðilum.

Fyrirhuguð uppbygging á Kleppsgörðum er húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. En um er að ræða nýja Björgunarmiðstöð, þar sem sameina á húsnæði Ríkislögreglustjóra (RLS), Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (LRH), Tollgæsluna, Landhelgisgæsluna (LHG), Neyðarlínuna (112), Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS), mennta- og starfspróunarsetur lögreglu. Verður því starfsemi í húsnæðinu allan sólarhringinn, alla daga.

3.1 Tillaga að uppbyggingu – Rýmisgreining

Ekki hefur verið gerður grunnur að skipulagningu lóðar, nema að litlu leyti og verður því hér ekki fjallað nánar um uppbyggingu reitsins, þ.e. staðsetningu bygginga, bílastæða, grænna svæða, né annara þátta, heldur einvörðu horft til rýmisparfar Björgunarmiðstöðvarinnar. Samgöngumat og deiliskipulag á að vinnast samtímis og því þarf að uppfæra samgöngumatið þegar vinna við deiliskipulag er komið af stað.

Gerð hefur verið frumathugun á húsnæðisþörf ofantaldra aðila. Gengið er hér út frá þeirri rýmisþörf sem framkvæmd var af framkvæmdarsýslu ríkisins, 2 nóvember 2020 og gerð grein í skýrslunni *Húsnæðismál viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu – Frumathugun* (Framkvæmdasýsla ríkisins, 2020). Rýmisþörfin líkt og hún er sett saman í fyrrgreindri skýrslu má sjá í töflu 3.1. Sem fyrr segir er þörfin talin vera rúmlega 26 þúsund fermetrar.

Sjá má að lögreglustöð er gefin á bili, frá 0 m² til 1.200 m². Í greiningu á bílastæðapörf verður gert ráð fyrir fullri uppbyggingu lögreglustöðvar á lóðinni.

Tafla 3.1: Rýmisþörf Kleppsgarða 2

Notagildi (Heiti í skýrslu)	Stærð [m ²]	Kafli í skýrslu	
Skrifstofur	7.900	3.4.1	
Kennslusetur	1.200	3.4.2	
Björgunarmiðstöð	1.600	3.4.3	
Sameiginleg rými:	Skot- og æfingarsvæði	3.307	3.4.4
	Móttaka, mötuneyti, eldhús	931	3.4.4
	Geymslur/bílageymslur	3.927	3.4.4
	Verkstæði	172	3.4.4
	Tæknirými	502	3.4.4
Sértæk rými	3.300	3.4.4	
Sérsveit	2.100	3.4.5	
Lögreglustöð	0 – 1.200	3.4.6	
Niðurstaða verkefnishóps	26.100	3.4	

3.1.1 Skilgreining rýma

Um er að ræða sértækt samgöngumat, þar sem ekki fyrirfinnst bygging með svipaðri starfsemi á Íslandi. Verða eftirfarandi skilgreiningar gerðar á rýmisþörf sem má finna í töflu 3.1. Notast verður við upplýsingar úr Excel skjali verkkaupa - *Samsett rýmisskjal í vinnslu*¹ sem og *Rýmislýsing HVH*² dagsett 3. Júní 2022, til að meta notagildi hvers rýmis.

Samkvæmt Excel skjali eru um 475 fermetrar í **Kennslusetrinu** teknar undir kennslustofur fyrir u.þ.b. 200 manns, verða þeir fermetrar, skráðir sem ráðstefnusalir. Önnur rými í Kennslusetrinu eru metin til skrifstofurýma, en þar má m.a. finna vinnurými og fundarherbergi. Þá er tekið fram að námskeið geti verið haldin bæði á kvöldum eða um helgar.

Björgunarmiðstöð er skilgreind sem stjórnstöð ásamt vinnurýmum. Björgunarmiðstöðin er í raun opið vinnurými starfsmanna björgunarmiðstöðvarinnar, verður því metið sem skrifstofurýma.

Sameiginleg rými:

Stór hluti af **skot- og æfingarsvæði** er skotvöllur þar sem engin á að ganga um, þó er einnig vinnurými þar sem biðaðstaða verður fyrir þá sem bíða eftir því að komast að á skotsvæðinu. Verður svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði þar sem ekki er jafn þétt setið og á skrifstofu vegna stærðar skotvallanna, en þó þéttara setið heldur en í geymslurýmum.

Móttaka, mötuneyti og eldhús eru hluti af stoðþjónustu við skrifstofurýmið, og verður því talið til þess.

Tæknirými og geymslur þ.m.t. bílageymslur verða talin sem vörugeymslur.

Verkstæði sem tileinkað verður bifreiðum er talið sem iðnaður, hér er verið að gera við, viðhalda og þrifa embættisbíla.

Sértæk rými eru t.d. sérhæfð verkstæði, rannsóknarstofur og ýmsar sérhæfðar geymslur. Vinnuástaða er í meiri hluta rýmisins, þ.e. verkstæði og rannsóknarstofur. Og er því allt rýmið talið til iðnaðar.

Sérsveitin innan rýmis sérsveitarinnar er m.a. geymslur, teymisrými, búningsaðstaða, skjalageymsla og kaffi- og fundaraðstaða. Vegna starfa sérsveitarinnar verður rýmið skilgreint til helminga með sömu bílastæðapörf og iðnaðarsvæði og skrifstofu.

Tafla 3.2 er uppfærð tafla 3.1 með ofangreindum upplýsingum.

¹ Email frá SB – 13.06.2022 - Samgöngumat – gögn

² Email frá SB – 15.06.2022 - Rýmisgögn

Tafla 3.2: Rýmispörf Kleppsgarða 2

Notagildi (Heiti í skýrslu)	Stærð [m ²]	Metið sem ... í reglum Rvk um fjölda bíla- og hjólastæða	
Skrifstofur	7.900	Skrifstofa	
Kennslusetur	1.200	60% Skrifstofur 40% Ráðstefnusalir / kennlustofur*	
Björgunarmiðstöð	1.600	Skrifstofa	
Sameiginleg rými:	Skot- og æfingarsvæði	3.307	Iðnaður
	Móttaka, mótuneyti, eldhús	931	Skrifstofa
	Geymslur/bílageymslur	3.927	Vörugeymsla
	Verkstæði	172	Iðnaður
	Tæknirými	502	Vörugeymsla
Sértæk rými	3.300	Iðnaður	
Sérsveit	2.100	Iðnaður	
Lögreglustöð	0 – 1.200	Skrifstofa	
Niðurstaða verkefnishóps,	26.100		

* Ráðstefnusalir / Kennlustofur gera ráð fyrir **u.þ.b 200 manns** í 4 rýmum.

Er því hægt að meta húsið sem eftirfarandi:

Tafla 3.3: Rýmispörf Kleppsgarða 2	
Skipting Kleppsgarða 2	Stærð [m ²]
Skrifstofa	12.351
Iðnaður	8.879
Vörugeymsla	4.429
Ráðstefnusalir	480*
Niðurstaða verkefnishóps,	26.139

* Ráðstefnusalir / Kennlustofur gera ráð fyrir **u.þ.b 200 manns** í 4 rýmum.

3.2 Framtíðar umferð

Líkt og fyrr segir eru fyrirhugaðar tvær stórar vegaframkvæmdir í grennd við lóðina sem munu hvor á sinn hátt hafa mismunandi áhrif á umferð inn á, og í kringum lóðina.

Verður framtíðarumferð nánar gerð skil í umferðargreiningu sem gerð var af VSÓ Ráðgjöf, NAFN SKÝRSLU. Í þeirri skýrslu er lagt mat á umferðarsköpun reitarins og áhrif á vegakerfi með tilliti til 3 mismunandi framtíðarsviðsmynda,

- ▶ **F0: Engin Sundabrá/Sundagöng** – framtíðarár 2034.
- ▶ **F1: Sundabrá** – framtíðarár 2034.
- ▶ **F2: Sundagöng** – framtíðarár 2034.

3.3 Aðgengi gangandi og hjólandi

Efla verkfræðistofa hefur unnið að umferðarmálum í tengslum við gerð Sundabrautar, og horft þá til tengingar Kleppsgarða 2 við Sæbraut (Efla, 2022). Sem hluti að þeirri vinnu var gert ráð fyrir nýjum tengingum líkt og sjá má mynd 3.1. Stígar koma til með að þvera Sæbrautina á ljósastýrðum gatnamótum Sundabrá – Holtavegur. Frá þeim gatnamótum verður bæði tenging við stígakerfi yfir Sundabrunna, sem og undir hana. Tenging Sæbraut – Hafnartenging verður með stíga fyrir gangandi og hjólandi ofan á stökk sem tengir Kleppsveg við hafnarsvæðið.

Þá er fyrirhuguð stofnleið hjólareiða yfir Sundabrá, sem tengist núverandi stofnleið meðfram Sæbraut.



Mynd 3.1 Fyrirhugaðar tengingar göngu- og hjólastíga, um nýtt gatnakerfi, komi til að Sundabraut verði lögð um brú við Holtaveg (Efla, 2022).

3.4 Framtíðar almenningsamgöngur

Gert er ráð fyrir, samkvæmt nýju leiðarneti Strætó, að leið G, sem er almenn leið muni aka í blandaðri umferð eftir Sæbrautinni. Leið G mun aka á 10 – 20 mínútna fresti á daginn, í dag er gert ráð fyrir að akstur leiðar G muni vera á milli 06:00 á morgnanna til 01:00 eftir miðnætti. Mun leið G stöðva á svipuðum slóðum og leiðar 12 og 16 gera í dag (Strætó bs., 2021).

3.5 Líklegar ferðavenjur fólks

Niðurstaða ferðavenjukönnunar SSH frá árinu 2019 sýnir að 70% allra ferða Reykvíkinga voru farnar í bíl. Þá hafa 30% allra ferða farið með almenningsamgöngum, gangandi eða hjólandi (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2020). Aukning hefur verið í notkun almenningsamganga eins og Strætó og hefur notkunin aldrei verið hærrí í Reykjavík. Einnig hafa aðstæður til hjólreiða batnað og sífellt fleiri sem kjósa þann ferðamáta. Með þessari aukningu ferða má ætla að markmiði Reykjavíkur til ferðavenju íbúa samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 verði náð. Þá verða 58% allra ferða farnar með bíl, 15% með almenningsamgöngum og 35% gangandi eða hjólandi. Ferðir í bíl telur bæði farþega í bílnum og bílstjóra (Reykjavíkurborg, 2021).

Niðurstöður frá ferðavenjukönnun SSH árið 2019 sýnir að af þessum 70% ferðum sem farnar eru með bíl voru 57% þeirra ferða sem bílstjóri og 13% sem farþegar. Með því að skoða línulega fækkun milli bílstjóra og farþega þannig að heildarhlutfall ferða verði 58% árið 2040 þá má gera ráð fyrir að 47,2% ferða verði sem bílstjóri og 10,8% ferða sem farþegar.

4 Bíla- og hjólastæðamat

Bílastæðamatið er unnið samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, dags. janúar 2019. Grunnþörf bílastæða verður metin út frá fjölda starfsmanna og líklegum ferðavenjum. Einnig er tekið tillit til þess á hvaða svæði lóðin er. Þá er metið hvort fækka megi bílastæðum vegna samnýtingar, deilibíla, samgöngustefnu eða nálægðar við almenningssamgöngur.

4.1 Grunnfjöldi bílastæða

Reiknaður er viðmiðunarfjöldi bílastæða við Kleppsgarða m.v. fjölda starfsmanna sem munu starfa þar og út frá markmiði Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um að 47,2% ferða verði farin sem bílstjóri samanber kafla 3.5. Í töflu 4.1 má sjá rýmin, ásamt viðmiðunarfjölda bílastæða við hverja rýmisgerð. Viðmiðunartala fyrir ráðstefnusalina er sett sem 1 bílastæði fyrir hver 4 sæti, og hámark sem 1 bílastæði fyrir hver 2 sæti sem gerir ráð fyrir að ráðstefnugestir nýti sér aðra ferðamáta en bílstjórar einkabíl t.d. strætó eða hjól. Hámarks fjöldi bílastæða er reiknaður m.v. nýtingu fasteigna í töflu 3.2.

Við Kleppsgarða verður um 850 manna vinnustaður, flestir munu starfa að degi til og um 30 manns að nóttu. Fjöldi dagvinnustarfsmanna skiptist þannig að 737 manns starfa á skrifstofum hússins samkvæmt rýmisskjali og einhver fjöldi mun starfa við iðnað og í vörugeymslum en hann er óvitaður. Því mun bílastæðapörf m.v. fjölda dagvinnustarfsmanna á bilnu 737-820 manns.

Tafla 4.1: Bílastæðapörf Kleppsgarða 2

Rými	Stærð [m ²]	Sæti fyrir	Svæði II – Kröfur		Svæði II – Fjöldi stæða	
			Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark
Skrifstofa	12.351	737-820*	0,47 stæði/sæti	1 á 40 m ²	348-387	309
Iðnaður	8.879			1 á 75 m ²		118
Vörugeymsla	4.429			1 á 240 m ²		18
Ráðstefnusalur	480	200	0,25 stæði/sæti	0,5 stæði/sæti	50**	100
Samtals	26.139				398-437	546

* Fjöldi starfsmanna á dagvinnutíma

** Inniheldur fjölda gestabílastæða sem ekki sækja ráðstefnur

Er því viðmiðunarfjöldi bílastæða á lóð Kleppsgarða 2, 398-437 bílastæði.

4.2 Samnýting bílastæða

Í bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar er gefin áætluð nýting bílastæða, þar sem fjöldi bílastæða er reiknaður fyrir hvert tímabíl (morgun, síðdegi og kvöld), bæði á virkum dögum og um helgar. Bílastæðapörfin er svo ákvörðuð út frá því tímabili þar sem nýtingin er mest (Reykjavíkurborg, 2019).

Í töflu 3 í reglum Reykjavíkurborgar má sjá eftirfarandi nýtingu fasteigna. Eru þær tegundir fasteigna sem byggðar verða á Kleppsgörðum settar inn hér í töflu 4.2.

Tafla 4.2: Nýting bílastæða við hverja tegund fasteigna

Rými	Virkir dagar			Laugardagar	
	Morgun	Síðdegi	Kvöld	Síðdegi	Kvöld
Skrifstofa	100%	100%	5%	5%	0%
Iðnaður	100%	100%	5%	5%	0%
Vörugymsla	100%	100%	5%	5%	0%
Ráðstefnusalir	100%	100%	5%	25%	5%

Sjá má í töflu 4.2 að full nýting er bæði á morgnanna og síðdegis, samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar. **Er því ekki hægt að gera ráð fyrir samnýtingu bílastæða innan fasteigna við Kleppsgarða 2.**

4.3 Samgöngustefna, -samningar og deilibílar

Til að stuðla að því að starfsmenn á svæðinu notast við almenningsamgöngur eða virka ferðamáta er hægt að innleiða samgöngustefnu fyrir svæðið. Ef samgöngustefna leiðir að þér fækkun bílastæða skal innleiðing stefunnar vera hluti af ákvæðum skipulagsins.

Við innleiðingu samgöngustefnu er möguleiki á að gera eftirfarandi:

- *Veita aðgengi að deilibílum fyrir starfsmenn.*
- *Krefja fyrirtæki til að bjóða starfsmönnum upp á samgöngusamninga.*
- *Byggja góða, læsta hjólageymslu með aðgengi að verkfærum og pumpum. Þá eru í hjólageymslu rafhjól sem hægt er að leigja starfsmönnum að kostnaðarlausu.*
- *Gera leiðir umhverfis svæðið fallett og skjólríkt sem og göngutengingar að biðstöð almenningsamgangna eru góðar*
- *Uppbyggingaraðilar ræði við Reykjavíkurborg um leiðir til þess að bæta aðgengi almenningsamganga við uppbyggingarreitinn.*

Við innleiðingu samgöngustefnu er mögulegt að draga úr fjölda bílastæða sem nemur um 10% af bílastæðum svæðisins.

Þar sem er um að ræða uppbyggingarreit þar sem aðeins atvinnustarfsemi er að ræða, er ólíklegt að deilibílaþjónusta hafi áhuga á að ökutæki sín standi á bílaplani við Kleppsgarða 2 óhreyfð. Með aukinni notkun nýrra deilibílaeiga eins og Hopp sem eru stöðvalausar eru sérstök stæði fyrir deilibíla ekki endilega ávísun á óhreyfð ökutæki. Þó er æskilegra að fyrirtækin á svæðinu / eigandi húsnæðisins kosti rekstur deilibíla fyrir starfsmenn í húsnæðinu, sem hægt er að nýta til persónulegra erindagjörða á vinnutíma í stað þess að treysta á deilibílaþjónustur / leigur.

Erfitt getur reynst að byggja fallegar, skjólríkar göngutengingar á milli Kleppsgarða 2 og biðstöðvar almenningsamgangna þar sem þvera þarf Sæbraut í aðra áttina, sem og nýja hafnartengingu.

Fækkun vegna nálægðar við almenningsamgöngur er þegar búið að reikna þar sem grunnþörf bílastæða miðar við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og þar er tekið inn lækkun við nálægð almenningsamgangna samanber hlutfall 0,47 stæði á hvern starfsmann.

Þess að auki verði komið fyrir einu bílastæði fyrir deilibíl og 3 ómerkt stæði fjarlægð.

Verður því nýtt viðmið á bilinu 396 - 435 bílastæði (398 - 3 stæði + 1 deilibílastæði) / (437 - 3 stæði + 1 deilibílastæði).

4.4 Almenningsamgöngur

Samanber köflum 2,3 og 3,4 er aðgengi að leiðum almenningsamgangna ágætt frá lóðinni í dag, sem og í framtíðarskipulagi. Í reglum Reykjavíkurborgar er talað um að mögulegt sé að fækka bílastæðum vegna nálægðar uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á svæði I við biðstöð með hátt þjónustustig. Hér er ekki verið að byggja íbúðarhúsnæði, og er því ekki lagt til að draga úr bílastæðafjölda vegna nálægðar við almenningsamgöngur. Hins vegar tekur hlutfallið 0,47 stæði á hvern starfsmann tillit til nálægðar við almenningsamgöngur.

Enn þá er viðmið 396 - 435 bílastæði.

4.5 Sérlegar aðstæður

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir viðmiðunar- og hámarksgildi bílastæða við uppbyggingu á lóð Kleppsgarða 2. Í reglum Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða segir að:

Í upphafi skal ávallt miða fjölda bílastæða við viðmiðunargildi. Í samgöngumati er mögulegt að rökstyðja fjölda bílastæða niður eða upp frá viðmiðinu, en aldrei skal fara yfir skilgreint hámark.

Í Björgunarmiðstöðinni er áætlað að lögreglustöð og Neyðarlínan verði starfandi og er því mikilvægt að starfsfólk geti komið til vinnu við ófyrirséða atburði, t.d. vegna leitar af týndum börnum eða snjóflóða verður því þörf á að fjöldi starfsmanna sé hreyfanlegur sem hyggst sækja vinnu við Kleppsgarða.

Er þá tekið meðaltal af viðmiðunarbili fjölda bílastæða sem nemur 415 bílastæðum $((396+435)/2)$.

4.6 Bílastæði embættisbíla

Greining þessi tekur ekki tillit til bílastæðaparfar vegna embættisbíla, s.s. ökutæki sérsveitar, tollsins, lögreglunnar o.s.fr. Heldur er aðeins verið að horfa til ökutækja í eigu starfsmanna og gesta hússins.

Gert er ráð fyrir að embættisbílar verði staðsettir í bílageymslum undir húsi, þar verður á hæð -1 bílastæði fyrir um 70 ökutæki, og á neðri hæð bílageymslu (-2) verður með aukinni lofthæð pláss fyrir um 30 stærri embættisbíla.

Í allt verður því gert ráð fyrir 100 embættisbílum á tveimur hæðum í niðurgrafinni bílageymslu.

4.7 Grunnfjöldi hjólastæða

Reiknaður er viðmiðunarfjöldi bílastæða við Kleppsgarða m.v. fjölda starfsmanna sem munu starfa þar og út frá markmiði Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um að 35% ferða verða farin gangandi eða hjólandi. Því má gera ráð fyrir að 25-35% starfsmanna geti mætt á hjóli. Í töflu 4.3 má sjá rýmin, ásamt viðmiðunarfjölda hjólastæða við hverja rýmisgerð.

Tafla 4.3: Hjólástæðapörf Kleppsgarða 2

Rými	Stærð [m ²]	Sæti fyrir	Svæði II – Kröfur		Svæði II – fjöldi stæða	
			Lágmark	Hlutfall læstra**	Lágmark – Opin	Lágmark – Læst
Skrifstofa	12.351	737-820	2,5 – 3,5 á hver 10 sæti	A	18	166
Iðnaður	8.879					
Vörugæymsla	4.429					
Ráðstefnusalir	480	200	3 – 6 á hver 10 sæti*	B	48	12
Samtals	26.139				66	178

* Sama nýting og fyrir menntastofnanir

** Hér táknar A að 90% hjólástæða skuli vera í læstum hjólageymslum, og 10% aðgengileg á yfirborði, en B táknar að 20% hjólástæða skuli vera í læstum hjólageymslum, og 80% aðgengileg á yfirborði.

Lágmarksfjöldi hjólástæða er því 66 hjólástæði opin á yfirborðinu og 178 hjólástæði í læstum hjólageymslum.

4.8 Niðurstöður bíla- og hjólástæðamats

Í töflu 5 er dregið saman helstu niðurstöður bíla- og hjólástæðamats og sýnir viðmiðunar fjölda bíla- og hjólástæða.

Tafla 5: Bíla- og hjólástæðapörf	
Bílastæðapörf	Fjöldi stæða
Grunnfjöldi	398-437
Deilibílastæði	-2
Sérlegar aðstæður	0*
Samtals	415
Hjólástæðapörf	
Opin á yfirborðinu	66
Læst í hjólageymslu	178
Samtals	244

* Tekið er meðaltal af viðmiðunarbíli fjölda bílastæða

5 Heimildaskrá

Efla. (2022). *Sundabraut - umferðarmál DRÖG*.

Framkvæmdasýsla ríkisins. (2020). *Húsnæðismál viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu frumathugun*.

Reykjavíkurborg. (2019). *Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík*. Sótt frá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/reglur_um_fjolda_bila_og_hjolaestaeda_i_reykjavik_samthykkt.pdf

Reykjavíkurborg. (2021). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Sótt frá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/reglur_um_fjolda_bila_og_hjolaestaeda_i_reykjavik_samthykkt.pdf

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (2020). *Ferðavenjukönnun samgönguráðs og SSH*. Sótt frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/ferdavenjukonnun-samgongurads-og-ssh/>


Strætó bs. (2021). *STR Leiðarnet*. Sótt frá Strætó : <https://straeto.is/media/2021/10/leidakort-hofudborgarsvaedid.pdf>

Strætó bs. (2022). *Strætó*. Sótt frá Tímatöflur: <https://straeto.is/skipuleggja-ferd/timatoflur>

Verkís hf. (2022). *Vegstokkur á Sæbraut. Matsáætlun. Mat á umhverfisáhrifum*. Sótt frá <https://skipulag.eplica.is/media/attachments/Umhverfismat/1855/Mats%C3%A1%C3%A6tlun%20vegstokks%20%C3%A1%20S%C3%A6braut.pdf>



Skulagráðgjafi



**UPPBYGGING Á HÚSNÆÐI
VIÐBRAGÐSAÐILA Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Svör við umsögnum og athugasemdum við
matskyldufyrirspurn

Október 2023



22319

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_32/Project1883/Documents/Matsskýrsla/Umsagnir/22319_Viðbrögð_Matsskyldufyrirspurn \(231026\).docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_32/Project1883/Documents/Matsskýrsla/Umsagnir/22319_Viðbrögð_Matsskyldufyrirspurn (231026).docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	27.10.2023	HBB	EBA/HFK	HBB

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir
Borgartún 7, 105 Reykjavík



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Umsagnir um matskyldufyrirspurn	3
2.1	Umhverfisstofnun	3
2.2	Reykjavíkurborg	4
2.3	Minjastofnun	5
2.4	Vegagerðin	10
2.5	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	12
3	Viðhengi	13



1 Inngangur

Hér er gerð grein fyrir viðbrögðum Framkvæmdarsýslu – Ríkiseignir (FSRE) við umsögnum eftirfarandi aðila um matsskyldufyrirspurn um uppbyggingu á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu:

- Umhverfisstofnun
- Reykjavíkurborg
- Minjastofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni í viðauka.

2 Umsagnir um matsskyldufyrirspurn

2.1 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

Framkvæmdalýsing

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) áformar uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu á 30.000 m² lóð innan lóðar Kleppsspítala. Húsnæðið á að þjóna sem höfuðstöðvar þeirra, en nú eru þær dreifðar um höfuðborgarsvæðið. Húsnæðið á því að hýsa Ríkislögreglustjóra, lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæsluna, Tollgæsluna, Neyðarlínuna, yfirstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu.

Græn svæði

Umhverfis Kleppsspítala er stórt grænt og velgróið svæði, en gengið hefur verið nokkuð á óbyggð og lítið byggð svæði í Reykjavík undanfarið. Velgróin svæði líkt og þarna gætu vel orðið útivistarsvæði í framtíðinni en sýnt hefur verið að gróin útivistarsvæði hafa verulegt gildi þegar að lífsgæðum í þéttbýli kemur.

Valkostir

Í matsskyldufyrirspurninni er því líst hvernig val á staðsetningu fór fram en í valkostagreiningunni eru svo einungis tekinn fyrir aðalvalkosturinn sem var valin og núllkostur. Í ljósi þess að sá valkostur sem valinn var sem aðalvalkostur er grænt, lítið byggt svæði hefði einnig mátt meta valkost sem væri á þegar röskuðu svæði eða á endurhönnunarreitum sem eru margir við Sæbrautina og í Ártúnsbrekku.

Niðurstaða

Þrátt fyrir ofantalið þá metur Umhverfisstofnun það sem svo að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Viðbrögð FSRE: Umsögn Umhverfisstofnunar er í samræmi við niðurstöður matsskyldufyrirspurnar. Líkt og kom fram þar er framkvæmdin ekki líklegt til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. FSRE þakkar Umhverfisstofnun fyrir umsögnina.



2.2 Reykjavíkurborg

Í umsögn segir:

Við teljum að uppbyggingin þurfi ekki að lúta formlegu umhverfismati enda gerð góð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í tilkynningunni og tækifæri til að kynna og fjalla nánar um þau við mótun nýs deiliskipulags fyrir svæðið.* Við gerum ekki formlegar athugasemdir við greiningu á umhverfisáhrifum VSÓ dags. maí 2023 enda ítarleg og vel unnin skýrsla. Viljum þó minna á að ekki er búið að lenda útfærslu gatnamóta Holtavegar og Sundabrautar en í greiningunni virðist vera gert ráð fyrir mislægu í báðum tilvikum, bls. 23. Útfærsla gatnakerfis og hönnun gatnamóta í grennd við svæðið þarf að taka mið af niðurstöðum um umhverfismat Sundabrautar og viðeigandi aðalskipulagsbreytingar. Einnig er rétt að minna á sjónarmið minja- og húsverndar vegna þeirra húsbygginga sem eru fyrir á svæðinu. Uppbygging á svæðinu verður annars háð lögbundnu deiliskipulagsferli, með tilheyrandi umfjöllun um umhverfisáhrif og hefðbundnum framkvæmda- og byggingarleyfum, auk starfs- og rekstrarleyfa eftir því sem við á.

**Í gildi er deiliskipulag Sundahafnar frá 1975. Núverandi deiliskipulag verður fellt úr gildi og nýtt deiliskipulag kemur í þess stað fyrir svæðið.*

Viðbrögð FSRE: FSRE þakka Reykjavíkurborg fyrir umsögnina. Sótt verða um viðeigandi leyfi eftir því sem á við í ferlinu.



2.3 Minjastofnun

Í umsögn segir:

Efni: Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu - matsskyldufyrirspurn

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar dags 28. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð unnin af VSÓ ráðgjöf útgefin í maí 2023.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) áformar uppbyggingu á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu þar sem allir viðbragðsaðilar verða sameinaðir á einum stað. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan lóðar Kleppsspítala sem verður skipt í tvennt og á syðri hluta hennar stofnuð ný lóð fyrir starfsemi viðbragðsaðilanna. Á þeirri lóð eru skráðar fornleifar sem fyrirhugað er að raska og tvær byggingar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort þær eigi að víkja.

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn um skipulagslýsingu fyrir ofangreint svæði – *Kleppsgarðar skipulagslýsing*, dagsett 29. nóvember 2022 (sjá viðhengi). Eins og fram kemur í þeirri umsögn hefur skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 farið fram og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags. Í umsögninni kemur einnig fram til hvaða mótvægisáðgerða Minjastofnun fer fram á að gripið verði til vegna fyrirhugaðs rasks á fornleifum. Jafnframt að stofnunin tekur undir þau tilmæli sem fram koma í húsakönnuninni um vernd í gulum og rauðum flokki og hvetur til þess að Kleppsgarðar 2, (Víðihlíð) hús eftir Guðjón Samúelsson, verði varðveitt í sem upprunalegastri mynd og fái hlutverk innan deiliskipulagsins.

Viðbrögð FSRE: Farið verður í þær fornleifarannsóknir sem Minjastofnun Íslands fer fram á og komu fram í umsögn um skipulagslýsingu svæðis. Hönnun lóðarinnar fer í gegnum samkeppni sem er ekki lokið. Ekki liggur fyrir hvort hönnunin muni varðveita fyrirliggjandi hús á svæðinu. Umhverfismatið tekur mið af því að húsið verði fjarlægt og miðast vægiseinkunn við það.



Í umsögn segir:

Athugasemdir og ábendingar stofnunarinnar við meðfylgjandi greinargerð:

Í kafla 7.2 um niðurrif húsa og byggingu nýs húsnæðis, kemur fram að í hönnunarferlinu verði efnt til samkeppni og að í því ferli verði ákveðið hvort húsin á lóðinni verði fjarlægð. Taldir eru upp ýmsir kostir og gallar við, annarsvegar að fjarlægja núverandi hús eða endurnýta þau. Þar segir t.a.m. „Kosturinn við nýtt sérhannað húsnæði er að það hefur betri nýtingu í för með sér en sambland eldra húsnæðis og stækkunar.“ Minjastofnun er ósammála þessari staðhæfingu. Hafa ber í huga að arkitektar geta haft sérþekkingu á endurnýtingu eldri húsa og hvernig hægt sé að nýta þau í tengslum við nýtt húsnæði. Einnig segir í þessum kafla að: „Það sem hefur þó forgang er samanlagt notagildi fram yfir húsvernd.“ Hér er rétt að koma á framfæri að hús sem fyrir eru á skipulagssvæðum geta verið mikilvæg kennileiti, hluti af staðaranda og tenging við söguna og það sem fyrir var. Þau geta haft hátt menningar- og byggingarsögulegt gildi og því gæti verið kostur að halda þeim. Minjastofnun telur að í stað þess að láta samanlagt notagildi vega hærra en húsvernd ætti útgangspunkturinn að vera að leitast við að sameina þessa þætti, ekki síst m.t.t. loftslagsmála þar sem varðveisla eldri bygginga dregur úr úrgangsmýndun og kolefnislosun eins og réttilega kemur fram í kaflanum.

Í kafla 8.5 er fjallað um áhrif framkvæmda á fornleifar og byggingar á lóðinni. Kaflanum er skipt upp í eftirfarandi undirkafla:

Minjar á lóðinni:

Í þessum kafla er farið ágætlega yfir lagalega stöðu fornleifa skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og taldar eru upp þær fornleifar sem skráðar eru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Hér mætti áréttta það sem fram kemur í fornleifaskráningunni að hluti af úttektarsvæðinu er innan túns gamla bæjarstæðis Klepps og þar eru fornleifar sem tilheyrðu gamla Kleppsbænum. Í kaflanum er farið yfir tillögur og ábendingar Borgarsögusafns um að æskilegt sé að halda í minjar sem tengjast þeim búskap sem áður var á þessu svæði og tilheyrði gamla býlinu Kleppi, tengja þær grænum svæðum setja upp merkingar. Einnig er vísað í umsögn Minjastofnunar dags 29. nóvember 2022 og taldar upp þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin fer fram á ef raska þarf fornleifum. Í lok kaflans er tekið er fram að rask verði á fornleifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og að farið verði í þær rannsóknir sem Minjastofnun setur skilyrði um. Að lokum þarf að laga setningu í síðustu greinarskilum í lok kaflans, en hún hefur eitthvað skolast til.



Byggingar á lóðinni:

Í þessum kafla er byrjað á að fjalla um fyrirbyggjandi húsakönnun og hvernig mat á varveislugildi húsa og mannvirkja er unnið. Leiðréttta þarf upplýsingar um að hvorugt húsið á lóðinni falli undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Kleppsgarðar 2 (Víðihlið) var byggt árið 1931 og er því umsagnarskylt. Eigendum húsa sem byggð voru 1940 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ekki er fjallað sérstaklega um Kleppsgarða 4, en farið er yfir sögu Kleppsgarða 2, ásamt ábendingum Borgarsögusafns um varðveislugildi hússins. Farið er yfir tillögur Borgarsögusafns um að húsið njóti verndar í gulum flokki (samstæður húsa og heildir)

og rauðum flokki (einstök hús, húsaðir og götumyndir) ásamt rökstuðningi þess. Hér er rétt að benda á að báðar byggingarnar eru reistar sem hluti af Kleppsspítala, sem reistur var eftir að samþykkt voru lög um á alþingi um stofnun geðveikrahælis árið 1905. Nýjar byggingar, viðbyggingar og álmur hafa bæst við á liðnum árum og eru umræddar byggingar hluti af þeirri þróun og hafa því gildi sem hluti af heild húsa sem tilheyra sögu Kleppsspítala. Í húsakönnuninni segir m.a. um Víðihlið: „Jafnframt er húsið er vitnisburður um þann búrekstur sem tengdist spítalastarfseminni og telja má að það hafi nokkuð fágætisgildi sem eitt af fáu varðveittum húsi húsum innan borgarmarkanna, en það ber enn form og svip slíks húss þrátt fyrir breytingar sem gerðara hafa verið á því vegna breyttrar notkunar. Húsið er þekkt sem sjúkradeild undir nafninu Víðihlið og er meðal annars vísað til þess sem slíks í þekktum söngtexta frá 8. áratug aldarinnar.“ Í lok kaflans er vísað til samkomulags sem náðst hefur milli ríkis og borgar um að: „fjósíð (Víðihlið) verði fjarlæggt nema að vinningstillaga í hönnunarsamkeppni geri ráð fyrir að húsið tengist nýju mannvirki og sé metið m.a. út frá hagkvæmissjónarmiðum. Þá er vert að nefna að fjósíð á Hvanneyri er einnig teiknað af sama aðila.“ Minjastofnun er ekki kunnugt um ofangreint samkomulag og telur að með þessu sé þátttakendum í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni beint frá því að kanna til hlítar möguleika og kosti þess að endurnýta núverandi hús, því auðvelt sé að fá leyfi til að fjarlægja það – að leyfð liggi jafnvel fyrir nú þegar. Stofnunin getur ekki séð hvers vegna vert sé að nefna að fjósíð á Hvanneyri sé teiknað af sama aðila og leggur til að þær upplýsingar séu fjarlægðar.

Áhrif á fornleifar:

Í þessum kafla eru dregnar fram niðurstöður sem segja m.a. að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á fornleifar og að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort eigi að rífa húsin á lóðinni sem verður tekin í hönnunarferlinu.



Í kafla 9.1 um leyfi sem framkvæmdin er háð þarf að bæta við að einnig þurfi að leita álits Minjastofnunar vegna Kleppsgarða 2.

Viðbrögð FSRE: FSRE þakkar ábendinguna varðandi kafla 9.1. Þegar hönnun á húsnæði viðbragðsaðila liggur fyrir og upplýsingum um hvernig Kleppsgarðar 2 muni nýtast eða hvort það verði rífið mun FSRE leita álits til Minjastofnunar Íslands samanber 30. gr lögum um menningarminjar nr. 80/2012 vegna aldurs. Sótt verður um viðeigandi leyfi til Minjastofnunar ef fornminjum verður raskað.

Hönnunarferli verður nýtt til að taka ákvörðun um hvort að fjarlægja eigi eða nýta hús sem eru staðsett á lóðinni. Í hönnunarkeppni fyrir húsnæðið hefur því verið komið til skila hvaða verndargildi Kleppsgarðar 2 hefur. Þar sem um húsnæði viðbragðsaðila er að ræða, verður notagildi húsnæðis þó sett í forgang. Samkvæmt umfjöllunum í matsskyldufyrirspurn kemur fram að í skýrslu Borgarsögusafns, er lagt til að æskilegt sé halda að minnsta kosti í hluta minjanna til að minnast þess búskapar sem áður var stundaður á þessu svæði og tilheyrði gamla býlinu Kleppi. Þar að auki leggur Borgarsögusafn til að hugsanlega væri hægt að hafa einhver græn svæði innan hans og væri þá æskilegt að velja þau svæði með tilliti til fornleifanna. Á því svæði þar sem hægt væri að setja upp menningarmerkingar sem segja sögu svæðisins.

Í umsögn segir:

Í kafla 10 um niðurstöðu mats kemur m.a. fram að skv. mati FSRE verður ekki hægt að komast hjá því að raska fornleifum og leitast verður eftir leyfi Minjastofnunar áður en þeim verður raskað. Ákvörðun verður tekin í hönnunarferlinu hvort eigi að fjarlægja hús sem staðsett eru á lóðinni.

Minjastofnun Íslands telur að upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki á lóðinni séu fullnægjandi og gerir ekki frekari athugasemdir/ábendingar við gögn málsins en þær sem koma fram hér að ofan. Leita þarf álits Minjastofnunar vegna Kleppsgarða 2 sem var byggt árið 1931 og er því umsagnarskytt, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin telur jafnframt að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umsögn stofnunarinnar dags 29. nóvember 2022 fylgir hér með, þar sem nánar er fjallað um mótvægisáðgerðir vegna fyrirhugaðs rasks á fornleifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Viðbrögð FSRE: Þegar hönnun á húsnæði viðbragðsaðila liggur fyrir og upplýsingum um hvernig Kleppsgarðar 2 muni nýtast eða hvort það verði rífið mun FSRE leita álits til Minjastofnunar Íslands samanber 30. gr lögum um



menningarminjar nr. 80/2012 vegna aldurs. Sótt verður um viðeigandi leyfi til Minjastofnunar Íslands eftir því sem á við í ferlinu.

Ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmdir verða framkvæmdir stöðvaðar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands samanber lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Horft verður til viðeigandi mótvægisáðgerða lagt fram af Minjastofnun verði af fyrirhuguðu raski á fornleifum.

FSRE þakkar Minjastofnun fyrir umsögn sína.



2.4 Vegagerðin

Í umsögn segir:

Vegagerðin 202305034 - Uppbygging á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Vegagerðinni hefur borist ósk frá Skipulagsstofnun um umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Umsögn segir:

1. Óvissa um útfærslu framkvæmda á frumdragastigi

Vegagerðin bendir á að mikil óvissa er um margar af þeim forsendum sem virðast lagðar til grundvallar lóðarvali fyrir viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins. Sundabraut og gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru verkefni á frumdragastigi þar sem verið er að skoða ýmsar útfærslur. Hvort mislægar lausnir verða ofan á eða hvort Sundabrá eða Sundagöng verða fyrir valinu liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti.

2. Fyrirhuguð hafnartenging

Ljóst er að fyrirhuguð hafnartenging gegnir mikilvægu hlutverki varðandi aðkomu að lóð viðbragðsaðila. Þessi tenging er háð útfærslu Sundabrautar og framtíðarþróun Sundahafnar. Kennisnið, plan- og hæðarlega hafnartengingarinnar liggja ekki fyrir en tryggja þarf pláss og samræmi á milli aðila.

Vegagerðin minnir á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

3. Óvissa um tímalínur framkvæmda

Yfirstandandi uppfærsla samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins mun varpa frekara ljósi á tímalínur framkvæmda sáttmálans. Tryggja þarf samræmi í framkvæmdatíma þannig að þeir innviðir sem liggja til grundvallar lóðarvalinu verði til staðar þegar húsnæði viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins verður tekið í notkun.

4. Neyðarakstur

Í fyrirspurninni segir: „Framkvæmdin er háð því að búið sé að tryggja hnökralaust ferli bíla á Sæbraut til að tryggja forgangsakstur“. Jafnframt er sú krafa gerð að lögreglan komist á innan við 8 mínútum frá húsnæði viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins að Alþingisreit.

Jafnvel þótt Sæbrautarstokkur verði tilbúinn og Sundabrá og mislægar tengingar hennar við Sæbraut verði ofan á er ekki tryggt að kröfur um hnökralaust flæði og skamman viðbragðstíma verði uppfylltar á öllum tímum sólarhrings.



6. Niðurstaða

Hafa þarf áframhaldandi samráð við Vegagerðina varðandi útfærslu og tímalínur þeirra samgöngumannvirkja sem gegna lykilhlutverki í staðarvali fyrir lóð viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Viðbrögð FSRE við liðum 1-4 & 6:

Áframhaldandi samráð við Vegagerðina mun eiga sér stað varðandi útfærslu og tímalínur vegna uppbyggingar á lóð viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. FSRE gerir sér grein fyrir þeirri stöðu sem fyrirhuguð gatnagerð og skipulagsvinna er í m.a. vegna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Umfjöllun í matsskyldufyrirspurn er byggð á *Frumathugun Húsnæðismál viðbragðsaðila á Höfuðborgarsvæðinu*, sem er greining gerð af faghóp, þar sem m.a. voru fulltrúar frá Dómsmálaráðuneytinu (DMR), Fjármálaráðuneytinu (FJR) og Framkvæmdasýslu Ríkisins (FSR). Verkefnahópurinn fékk til liðs við sig fjölmarga ráðgjafa ásamt fulltrúum allra viðbragðsaðila, sem sátu í hinum ýmsu faghópum tengdum verkefninu. Einn áhrifaþátta þeirra greiningar var að útkalls- og vettvangshluti af húsnæðinu, þ.e. lögreglustöðin, yrði innan við 8 mínútur frá húsnæði viðbragðsaðila að Alþingsreit, miðbæ og Stjórnarráði. Samanber umfjöllun í Frumathugun Húsnæðismál viðbragðsaðila á Höfuðborgarsvæðinu kemur fram að „[s]amkvæmt fundi með Vegagerðinni eru yfirgnæfandi líkur á að staðsetning fyrirhugaðrar Sundabrautar hafi ekki neikvæð áhrif á þessa staðsetningu.“

Sótt verður um viðeigandi leyfi til Vegagerðarinnar eftir því sem á við í ferlinu.

Í umsögn segir:

5. Áhrif á umferð og samgöngur

Vegagerðin bendir á að 3.000 – 4.600 viðbótarferðir um Sæbraut á dag, eða 6-10% aukning miðað við núllkost, geta ekki talist óveruleg áhrif á umferð og samgöngur. Þá má ætla að 40 forgangsferðir um Sæbraut á meðaldegi hafi líka áhrif á umferð og samgöngur.

Viðbrögð FSRE: Samkvæmt matsskyldufyrirspurn eru áhrifin á umferð og samgöngur staðbundin og talin óveruleg til neikvæð. Matskyldufyrirspurnin er byggð á spá sem er í hærra lagi og gæti jafnvel verið ofmetinn miðað fjölda á umferð ökutækja, auk þess er ekki gert ráð fyrir áhrifum af breyttum ferðavenjum. Við því má bæta að breytingin er innan skekkjumarka framtíðarspáa þar sem umferð á svæðinu er talin aukast mun meira af öðrum ástæðum. Telja má að útfærsla Sundabrautar og gatnamóta muni t.d. hafa meiri áhrif á afkastagetu en fyrirhuguð uppbygging við Kleppsgarða.

FSRE þakkar Vegagerðinni fyrir umsögn sína.



2.5 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í umsögn segir:

HER (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur) telur almennt gerð vel grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar en saknar þess að ekki sé fjallað um möguleg áhrif hennar á loftgæði. Gert er ráð fyrir umtalsverðri umferðaraukningu á svæðinu vegna nýrra viðbragðsaðilamiðstöðvar og kemur það ekki bara til með að hafa áhrif á hljóðvist heldur einnig loftgæði.

Viðbrögð FSRE: Áhrif uppbyggingar á húsnæði viðbragðsaðila við Kleppsgarða eru talin staðbundin og líkleg til að hafa óveruleg áhrif á loftgæði.

Matskyldufyrirspurnin er byggð á spá um aukningu í umferðamagni og er sú breyting sem verður vegna byggingu húsnæðis viðbragðsaðila talin óveruleg til neikvæð miðað við hana. Auk þess sýna mælingar á loftgæðum á svæðinu almennt góð loftgæði

Í umsögn segir:

Að mati HER þarf að grípa til ráðstafanna til að draga úr ónæði fyrir vistmenn Kleppsspítala vegna sírena á viðbragðsbílum. HER telur að þessi atriði megi ávarpa í deiliskipulagsvinnu og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum á þessari framkvæmd.

Viðbrögð FSRE: FSRE tekur undir mikilvægi þess að takmarka ónæði fyrir vistmenn á Kleppsspítala. Í matskyldufyrirspurn kemur fram að inn- og útgangsakstur útkallsbíla eru sunnan til á lóðinni og liggja ekki við Kleppsspítala. Útkallsbílar setja aldrei sírenur á fyrr en þeir þurfa og eru þá komnir út á veg. Allt er þetta gert til að lágmarka hljóðmengun við spítalann.

FSRE þakkar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrir umsögn sína.



3 Viðhengi

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. júlí 2023
UST202306-443/B.S.
10.05.00

Efni: Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE) áformar uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu á 30.000 m² lóð innan lóðar Kleppsspítala. Húsnæðið á að þjóna sem höfuðstöðvar þeirra, en nú eru þær dreifðar um höfuðborgarsvæðið. Húsnæðið á því að hýsa Ríkislögreglustjóra, lögreglustjórán á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæsluna, Tollgæsluna, Neyðarlínuna, yfirstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu.

Græn svæði

Umhverfis Kleppsspítala er stórt grænt og velgróið svæði, en gegnið hefur verið nokkuð á óbyggð og lítið byggð svæði í Reykjavík undanfarið. Velgróin svæði líkt og þarna gætu vel orðið útivistarsvæði í framtíðinni en sýnt hefur verið að gróin útivistarsvæði hafa verulegt gildi þegar að lífsgæðum í þéttbýli kemur.

Valkostir

Í matskyldufyrirspurninni er því líst hvernig val á staðsetningu fór fram en í valkostagreiningunni eru svo einungis tekinn fyrir aðalvalkosturinn sem var valin og núllkostur. Í ljósi þess að sjá valkostur sem valinn var sem aðalvalkostur er grænt, lítið byggð svæði hefði einnig mátt meta valkost sem væri á þegar röskuðu svæði eða á endurhönnunarreitum sem eru margir við Sæbrautina og í Ártúnsbrekku.

Niðurstaða

Þrátt fyrir ofantalið þá metur Umhverfisstofnun það sem svo að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Rakel Sæmundsdóttir,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

From: Olga Guðrún B Sigfúsdóttir <Olga.Gudrun.B.Sigfusdottir@reykjavik.is>

Sent: 16.08.2023 00:00:00

To: Þórdís Stella Erlingsdóttir

CC: Björn Axelsson <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; haraldur.sigurdsson <>; Harri Ormarsson <harri.ormarsson@reykjavik.is>

Subject: Umsögn RVKborgar vegna. Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Sæl Þórdís,

Biðjumst velvirðingar á seinum viðbrögðum á umsagnarbeiðni ykkar, dags. 28.06.23. Ástæða þess er að flestir hlutaðhafandi voru í sumarleyfi þessar vikurnar.

Við teljum að uppbyggingin þurfi ekki að lúta formlegu umhverfismati enda gerð góð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í tilkynningunni og tækifæri til að kynna og fjalla nánar um þau við mótun nýs deiliskipulags fyrir svæðið.* Við gerum ekki formlegar athugasemdir við greiningu á umhverfisáhrifum VSÓ dags. maí 2023 enda ítarleg og vel unnin skýrsla. Viljum þó minna á að ekki er búið að lenda útfærslu gatnamóta Holtavegar og Sundabrautar en í greiningunni virðist vera gert ráð fyrir mislægu í báðum tilvikum, bls. 23. Útfærsla gatnakerfis og hönnun gatnamóta í grennd við svæðið þarf að taka mið af niðurstöðum um umhverfismat Sundabrautar og viðeigandi aðalskipulagsbreytingar. Einnig er rétt að minna á sjónarmið minja- og húsverndar vegna þeirra húsbygginga sem eru fyrir á svæðinu. Uppbygging á svæðinu verður annars háð lögbundnu deiliskipulagsferli, með tilheyrandi umfjöllun um umhverfisáhrif og hefðbundnum framkvæmda- og byggingarleyfum, auk starfs- og rekstrarleyfa eftir því sem við á.

**Í gildi er deiliskipulag Sundahafnar frá 1975. Núverandi deiliskipulag verður fellt úr gildi og nýtt deiliskipulag kemur í þess stað fyrir svæðið.*

Kær kveðja,

Olga



Olga Guðrún Sigfúsdóttir

arkitekt FAÍ og verkefnastjóri

Sími: 411-3068

Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. ágúst 2023
MÍ202306-0170/ 6.07

Efni: Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu - matsskyldufyrirspurn

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar dags 28. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð unnin af VSÓ ráðgjöf útgefin í maí 2023.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) áformar uppbyggingu á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu þar sem allir viðbragðsaðilar verða sameinaðir á einum stað. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan lóðar Kleppsspítala sem verður skipt í tvennt og á syðri hluta hennar stofnuð ný lóð fyrir starfsemi viðbragðsaðilanna. Á þeirri lóð eru skráðar fornleifar sem fyrirhugað er að raska og tvær byggingar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort þær eigi að víkja.

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn um skipulagslýsingu fyrir ofangreint svæði – *Kleppsgarðar skipulagslýsing*, dagsett 29. nóvember 2022 (sjá viðhengi). Eins og fram kemur í þeirri umsögn hefur skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 farið fram og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags. Í umsögninni kemur einnig fram til hvaða mótvægisáðgerða Minjastofnun fer fram á að gripið verði til vegna fyrirhugaðs rasks á fornleifum. Jafnframt að stofnunin tekur undir þau tilmæli sem fram koma í húsakönnuninni um vernd í gulum og rauðum flokki og hvetur til þess að Kleppsgarðar 2, (Víðihlíð) hús eftir Guðjón Samúelsson, verði varðveitt í sem upprunalegastri mynd og fái hlutverk innan deiliskipulagsins.

Athugasemdir og ábendingar stofnunarinnar við meðfylgjandi greinargerð:

Í kafla 7.2 um niðurrif húsa og byggingu nýs húsnæðis, kemur fram að í hönnunarferlinu verði efnt til samkeppni og að í því ferli verði ákveðið hvort húsin á lóðinni verði fjarlægð. Taldir eru upp ýmsir kostir og gallar við, annarsvegar að fjarlægja núverandi hús eða endurnýta þau. Þar segir t.a.m. „*Kosturinn við nýtt sérhannað húsnæði er að það hefur betri nýtingu í för með sér en sambland eldra húsnæðis og stækkunar.*“ Minjastofnun er ósammála þessari staðhæfingu. Hafa ber í huga að

arkitektar geta haft sérþekkingu á endurnýtingu eldri húsa og hvernig hægt sé að nýta þau í tengslum við nýtt húsnæði. Einnig segir í þessum kafla að: „Það sem hefur þó forgang er samanlagt notagildi fram yfir húsvernd.“ Hér er rétt að koma á framfæri að hús sem fyrir eru á skipulagssvæðum geta verið mikilvæg kennileiti, hluti af staðaranda og tenging við söguna og það sem fyrir var. Þau geta haft hátt menningar- og byggingarsögulegt gildi og því gæti verið kostur að halda þeim. Minjastofnun telur að í stað þess að láta *samanlagt notagildi* vega hærra en *húsvernd* ætti útgangspunkturinn að vera að leitast við að sameina þessa þætti, ekki síst m.t.t. loftslagsmála þar sem varðveisla eldri bygginga dregur úr úrgangsmýndun og kolefnislosun eins og réttilega kemur fram í kaflanum.

Í kafla 8.5 er fjallað um áhrif framkvæmda á fornleifar og byggingar á lóðinni. Kaflanum er skipt upp í eftirfarandi undirkafla:

Minjar á lóðinni:

Í þessum kafla er farið ágætlega yfir lagalega stöðu fornleifa skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og taldar eru upp þær fornleifar sem skráðar eru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Hér mætti áréttta það sem fram kemur í fornleifaskráningunni að hluti af úttektarsvæðinu er innan túns gamla bæjarstæðis Klepps og þar eru fornleifar sem tilheyrðu gamla Kleppsbænum. Í kaflanum er farið yfir tillögur og ábendingar Borgarsögusafns um að æskilegt sé að halda í minjar sem tengjast þeim búskap sem áður var á þessu svæði og tilheyrði gamla býlinu Kleppi, tengja þær grænum svæðum setja upp merkingar. Einnig er vísað í umsögn Minjastofnunar dags 29. nóvember 2022 og taldar upp þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin fer fram á ef raska þarf fornleifum. Í lok kaflans er tekið er fram að rask verði á fornleifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og að farið verði í þær rannsóknir sem Minjastofnun setur skilyrði um. Að lokum þarf að laga setningu í síðustu greinarskilum í lok kaflans, en hún hefur eitthvað skolast til.

Byggingar á lóðinni:

Í þessum kafla er byrjað á að fjalla um fyrirbyggjandi húsakönnun og hvernig mat á varveislugildi húsa og mannvirkja er unnið. Leiðréttta þarf upplýsingar um að hvorugt húsið á lóðinni falli undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Kleppsgarðar 2 (Víðihlíð) var byggt árið 1931 og er því umsagnarskylt. Eigendum húsa sem byggð voru 1940 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ekki er fjallað sérstaklega um Kleppsgarða 4, en farið er yfir sögu Kleppsgarða 2, ásamt ábendingum Borgarsögusafns um varðveislugildi hússins. Farið er yfir tillögur Borgarsögusafns um að húsið njóti verndar í gulum flokki (samstæður húsa og heildir)

og rauðum flokki (einstök hús, húsaðir og götumyndir) ásamt rökstuðningi þess. Hér er rétt að benda á að báðar byggingarnar eru reistar sem hluti af Kleppsspítala, sem reistur var eftir að samþykkt voru lög um á alþingi um stofnun geðveikrahælis árið 1905. Nýjar byggingar, viðbyggingar og álmur hafa bæst við á liðnum árum og eru umræddar byggingar hluti af þeirri þróun og hafa því gildi sem hluti af heild húsa sem tilheyra sögu Kleppsspítala. Í húsakönnuninni segir m.a. um Víðihlið: „Jafnframt er húsið er vitnisburður um þann búrekstur sem tengdist spítalastarfseminni og telja má að það hafi nokkuð fágætisgildi sem eitt af fáu varðveittum húsi húsum innan borgarmarkanna, en það ber enn form og svip slíks húss þrátt fyrir breytingar sem gerðara hafa verið á því vegna breyttrar notkunar. Húsið er þekkt sem sjúkradeild undir nafninu Víðihlið og er meðal annars vísað til þess sem slíks í þekktum söngtexta frá 8. áratug aldarinnar.“ Í lok kaflans er vísað til samkomulags sem náðst hefur milli ríkis og borgar um að: „fjósíð (Víðihlið) verði fjarlægt nema að vinningstillaga í hönnunarsamkeppni geri ráð fyrir að húsið tengist nýju mannvirki og sé metið m.a. út frá hagkvæmissjónarmiðum. Þá er vert að nefna að fjósíð á Hvanneyri er einnig teiknað af sama aðila.“ Minjastofnun er ekki kunnugt um ofangreint samkomulag og telur að með þessu sé þátttakendum í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni beint frá því að kanna til hlítar möguleika og kosti þess að endurnýta núverandi hús, því auðvelt sé að fá leyfi til að fjarlægja það – að leyfð liggi jafnvel fyrir nú þegar. Stofnunin getur ekki séð hvers vegna vert sé að nefna að fjósíð á Hvanneyri sé teiknað af sama aðila og leggur til að þær upplýsingar séu fjarlægðar.

Áhrif á fornleifar:

Í þessum kafla eru dregnar fram niðurstöður sem segja m.a. að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á fornleifar og að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort eigi að rífa húsin á lóðinni sem verður tekin í hönnunarferlinu.

Í kafla 9.1 um leyfi sem framkvæmdin er háð þarf að bæta við að einnig þurfi að leita álits Minjastofnunar vegna Kleppsgarða 2.

Í kafla 10 um niðurstöðu mats kemur m.a. fram að skv. mati FSRE verður ekki hægt að komast hjá því að raska fornleifum og leitast verður eftir leyfi Minjastofnunar áður en þeim verður raskað. Ákvörðun verður tekin í hönnunarferlinu hvort eigi að fjarlægja hús sem staðsett eru á lóðinni.

Minjastofnun Íslands telur að upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki á lóðinni séu fullnægjandi og gerir ekki frekari athugasemdir/ábendingar við gögn málsins en þær sem koma fram hér

að ofan. Leita þarf álits Minjastofnunar vegna Kleppsgarða 2 sem var byggt árið 1931 og er því umsagnarskylt, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin telur jafnframt að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umsögn stofnunarinnar dags 29. nóvember 2022 fylgir hér með, þar sem nánar er fjallað um mótvægisáðgerðir vegna fyrirhugaðs rasks á fornleifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt,


Henny Hafsteinsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágr.


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Þórdís Ella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Viðhengi:

Umsögn Minjastofnunar: Kleppsgarðar – skipulagslýsing, dagsett 29. nóvember 2022

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæránlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Umsögn

Vegagerðin 202305034 - Uppbygging á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu



Vegagerðinni hefur borist ósk frá Skipulagsstofnun um umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Síða 1/2

1. Óvissa um útfærslu framkvæmda á frumdragastigi

Vegagerðin bendir á að mikil óvissa er um margar af þeim forsendum sem virðast lagðar til grundvallar lóðarvali fyrir viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins. Sundabraut og gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru verkefni á frumdragastigi þar sem verið er að skoða ýmsar útfærslur. Hvort mislægar lausnir verða ofan á eða hvort Sundabrá eða Sundagöng verða fyrir valinu liggur ekki fyrir á þessum tímamarki.

2. Fyrirhuguð hafnartenging

Ljóst er að fyrirhuguð hafnartenging gegnir mikilvægu hlutverki varðandi aðkomu að lóð viðbragðsaðila. Þessi tenging er háð útfærslu Sundabrautar og framtíðarþróun Sundahafnar. Kennisnið, plan- og hæðarlega hafnartengingarinnar liggja ekki fyrir en tryggja þarf pláss og samræmi á milli aðila. Vegagerðin minnir á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin

3. Óvissa um tímalínur framkvæmda

Yfirstandandi uppfærsla samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins mun varpa frekara ljósi á tímalínur framkvæmda sáttmálans. Tryggja þarf samræmi í framkvæmdatíma þannig að þeir innviðir sem liggja til grundvallar lóðarvalinu verði til staðar þegar húsnæði viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins verður tekið í notkun.

4. Neyðarakstur

Í fyrirspurninni segir: „Framkvæmdin er háð því að búið sé að tryggja hnökralaust ferli bíla á Sæbraut til að tryggja forgangsakstur“. Jafnframt er sú krafa gerð að lögreglan komist á innan við 8 mínútum frá húsnæði viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins að Alþingisreit.

Jafnvel þótt Sæbrautarstokkur verði tilbúinn og Sundabrá og mislægar tengingar hennar við Sæbraut verði ofan á er ekki tryggt að kröfur um hnökralaust flæði og skamman viðbragðstíma verði uppfylltar á öllum tímum sólarhrings.

5. Áhrif á umferð og samgöngur

Vegagerðin bendir á að 3.000 – 4.600 viðbótarferðir um Sæbraut á dag, eða 6-10% aukning miðað við núllkost, geta ekki talist óveruleg áhrif á umferð og samgöngur. Þá má ætla að 40 forgangsferðir um Sæbraut á meðaldegi hafi líka áhrif á umferð og samgöngur.

6. Niðurstaða

Hafa þarf áframhaldandi samráð við Vegagerðina varðandi útfærslu og tímalínur þeirra samgöngumannvirkja sem gegna lykilhlutverki í staðarvali fyrir lóð viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Síða 2/2

Garðabær, 25. ágúst 2023

Helga Jóna Jónasdóttir, verkefnisstjóri Sundabrautar
Kristján Árni Kristjánsson, verkefnisstjóri á höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 30. ágúst 2023
Tilvísun: 2023080319

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna uppbyggingar húsnæðis fyrir viðbragðsaðila

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. júní 2023 þar sem óskað er eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gefi umsögn um mögulega matsskyldu uppbyggingar á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. HER hefur farið yfir málið og gefur eftirfarandi umsögn.

Framkvæmdin sem slík er ekki háð leyfi HER nema ef rífa þarf byggingar á svæðinu er niðurrið skráningarskyld hjá stofnuninni.

HER telur almennt gerð vel grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar en saknar þess að ekki sé fjallað um möguleg áhrif hennar á loftgæði. Gert er ráð fyrir umtalsverðri umferðaraukningu á svæðinu vegna nýrrar viðbragðsmiðstöðvar og kemur það ekki bara til með að hafa áhrif á hljóðvist heldur einnig loftgæði. Að mati HER þarf að grípa til ráðstafanna til að draga úr ónæði fyrir vistmenn Kleppsspítala vegna sírena á viðbragðsbílum. HER telur að þessi atriði megi ávarpa í deiliskipulagsvinnu og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum á þessari framkvæmd.

Virðingarfyllt
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri